



Reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár nr. 1066/2014

Ráðstefna á Hvanneyri „*Tímamót í dýravelferð*“ 23.
febrúar 2015



Gamla reglugerðin

- Reglugerð um eftirlit með aðbúnaði og heilbrigði sauðfjár og geitfjár og eftirlit með framleiðslu kjöts og annarra afurða þeirra nr. 60/2000.
- Ný reglugerð fjallar aðeins um lágmarkskröfur til að tryggja velferð og heilbrigði sauðfjár og geitfjár.
- **Þarna er grundvallarbreyting, ný reglugerð fjallar ekkert um afurðirnar eða framleiðsluna.**



2. gr. Orðskýringar

- Umráðamaður
 - Eigandi eða annar sem er ábyrgur fyrir umsjón með sauðfé og geitfé.
- Þarna er verið að tala um eiganda sem getur verið fyrirtæki með fólk í vinnu.
- Í því ljósi ber að skoða 3. gr.

II. Kafli, Eftirlit, úttekt, meðferð og umsjá

- 3. gr. **Opinbert eftirlit**
 - Tilkynningarskylda um upphaf sauðfjár eða geitfjáreignar
 - Tengist merkingar- og skráningarskyldu og möguleikum á eftirliti.
- 4. gr. **Geta, hæfni og ábyrgð**
 - Ekki krafist formlegrar menntunar, aðeins lágmarks þekkingar en jafnframt **líkamlegrar og andlegrar getu þess sem annast dýrin.**
 - Umráðamaður (eigandi) skal sjá um að hann eða sá sem hann ræður til ábyrgðar hafi þessa þekkingu og getu.

II. Kafli, Eftirlit, úttekt, meðferð og umsjá

- 5. gr. **Almenn meðferð og eigið eftirlit**
 - Bannað er að beita sauðfé og geitfé illri meðferð.
 - Kveðið er á um reglulegt eftirlit og sérstaklega tekið fram að eftirlit skuli vera daglegt með fé á húsi.
 - Tekið er fram að fé skuli vera í fjárheldum girðingum að vetri og fram yfir sauðburð þannig að eftirlit sé framkvæmanlegt.
 - Þetta er að gefnu tilefni
 - Lögð er áhersla á umönnun sjúkra dýra og kveðið á um aflífun og að fylgst sé með vexti horna og klaufa
 - Kindur eða geitur skulu ekki tjóðraðar að staðaldri, hvorki úti né inni.
 - Þetta er að gefnu tilefni, en svo má velta fyrir sér „að staðaldri“

II. Kafli, Eftirlit, úttekt, meðferð og umsjá

- 6. gr. **Fóðrun og brynning**
 - Við gjafagrindur til sjálffóðrunar skal vera rými í einu fyrir a.m.k. þriðjung þess fjár sem hefur aðgang að þeim (**þetta var áður í viðauka**). Þær skulu fylltar jafnóðum og þær tæmast og tryggt skal að sauðfé og geitfé hafi stöðugan aðgang að góðu fóðri.
- 7. gr. **Aðferðir, þjálfun og keppni.**
 - Hér er verið að leggja áherslu á að ekki sé gengið nærri skeppnum þegar þær eru notaðar til sýninga eða einhvers þessleгу.
 - Ef um óeðlilegar aðstæður er að ræða þarf að tilkynna það Matvælastofnun með 10 daga fyrirvara. Matvælastofnun mun svo meta hve mikil úttekt þarf að fara fram.

II. Kafli, Eftirlit, úttekt, meðferð og umsjá

- 8. gr. **Aðgerðir**
 - Hér er áréttað að sársaukafullar aðgerðir verða að gerast undir deyfingu og þar af leiðandi af dýralækni.
 - Tekið er sérstaklega fram að þetta gildi um geldingar og afhornun.
 - Í raun hefur þetta verið dýralæknisstarf hingað til samkvæmt eldri lögum, en nú er þetta áréttað í reglugerð.
 - **Hér er ekki verið að tala um venjulega hornskellingu, eingöngu það að taka horn af þannig að það sé ferð inn í sló.**
- 9. gr. **Ræktun og æxlun**
 - Hér er verið að taka fyrirvara við ræktun sem er komin í öfgar, en það gæti t.d. verið fyrirvari um að nota mjög grófhyrnda hrúta á gemlinga. Bógkreppa.

II. Kafli, Eftirlit, úttekt, meðferð og umsjá

- 10. gr. **Merkingar**, 11. gr. **Flutningur, rekstur og handsömun**
- 12. gr. Smitvarnir
 - Hér er ákvæði um möguleika á þvotti eða notkun á sérstökum hlífðarfatnaði fyrir gesti.
 - Aðstæður skulu vera þannig í framtíðarhúsum að hægt sé að koma fé á bíla án þess að flutningsmenn komi inn í húsin.
 - Hér er líka gerð sú krafa að hægt sé að komast að húsunum hvort sem er með aðföng eða til að flytja afurðir frá þeim.
 - Óheimilt er að halda annað búfé með sauðfé og geitfé á húsi, þannig að bein snerting á milli þeirra eða saurmengun geti átt sér stað.

II. Kafli, Eftirlit, úttekt, meðferð og umsjá

- 13. gr. ***Aflífun utan sláturhúss.***
 - Þetta er nýtt og í samræmi við aðrar reglugerðir. Tekið er mið af norskri og sænskri reglugerð.
 - Tekið er fram að heimilt er að rota ung lömb og kið.



III. Kafli, Aðbúnaður

- 14. gr. **Aðbúnaður og húsakostur.**
 - Öllu sauðfé og geitfé skal tryggt nægilegt húskjól að vetrarlagi. Um rýmisþörf í húsi fer samkvæmt A. lið viðauka I og skal á hverjum tíma vera hægt að sýna fram á að slíkt rými sé til staðar fyrir vetrarfóðraðar kindur.
 - Óheimilt er að nota gólfefni með skörpum köntum eða bryggjum sem getur skaðað klaufir eða fótleggi sauðfjár og geitfjár (**þetta var áður í viðauka**). Gólf skulu ekki vera hál. Þar sem það er á gólfi skal því haldið þurru.
 - Þar sem málmristar eða málmgrindur eru á stíugólfum skal 40% af gólfpletinum, hið minnsta, vera með legusvæði úr timbri eða öðru efni með samsvarandi eða minni varmaleiðni en timbur.
Sólarlagsákvæði, Öll hús eftir 1. janúar 2023

III. Kafli, Aðbúnaður

- 15. gr. **Lýsing, loftgæði og hljóðvist**
 - Öll greinin er samhljóða gömlu reglugerðinni.
- 16. gr. **Slysavarnir**
 - Ganga skal þannig frá opum í taðgeymslur að ekki sé hætt á að skepnur geti fallið þar inn í.
 - Ganga skal þannig frá fóðri og öðrum efnum í geymslum að skepnur komist ekki í það.
 - Skemmdir og slit á innréttingum og gólfum sem geta valdið slysum skal laga strax.
- Þessi ákvæði eru vegna þess að þetta virðist þurfa að áréttast

III. Kafli, Aðbúnaður

- 17. gr. **Útivist og skjól.**
 - Öllu sauðfé og geitfé skal tryggður aðgangur að beit í 12 vikur hið minnsta á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.
 - Óheimilt er að hafa fé á útigangi á vetrum þar sem ekki verður komið við fóðrun og eðlilegu, reglubundnu eftirliti.
 - Á burðartíma skal vitja um ær og huðnur á útigangi daglega.
 - Geitur skulu geta leitað skjóls fyrir úrkomu.

IV. Kafli, Önnur ákvæði

- 18. gr. ***Undanþága varðandi húsakost og útigang.***
 - Matvælastofnun er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. 14. gr. (húsakostur) og 3. mgr. 17. gr. (útigangur)
 - Undanþágan er bundin við sauðfé, einstakar óbyggðar eyjar og takmarkaðan fjárfjölda þar sem tryggt er að féð komist í skjól og hafi aðgang að nægilegri beit og vatni.
 - Sækja þarf um undanþáguna til Matvælastofnunar, með rökstuddri umsókn með lýsingu á staðháttum og fjárfjölda.



Bráðabirgðaákvæði.

- Fjárhús og geitahús sem byggð eru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu uppfylla skilyrði 5. mgr. 14. gr. fyrir 31. desember 2022.
 - Þar sem málmristar eða málmgrindur eru á stíugólfum skal 40% af gólfletinum, hið minnsta, vera með legusvæði úr timbri eða öðru efni með samsvarandi eða minni varmaleiðni en timbur.
 - Innréttingar skulu vera þannig úr garði gerðar að þær hefti ekki eðlilegar hreyfingar dýranna. Í húsum skulu vera garðar, jötur eða gjafagrindur til fóðrunar sbr. A. lið viðauka I.

Viðaukar, breytingar frá fyrri reglugerð

- C. Loftræsting og hljóðvist
 - 1. Miða skal við að útreiknuð afkastageta loftræstingar sé að minnsta kosti 200 m³/klst. á hverja varmaframleiðslueiningu. Við útreikning á varmaframleiðslueiningum skal hver kind telja 0,1 einingu.
 - 2. Magn hættulegra lofttegunda skal að jafnaði ekki vera meira en sem hér segir:
 - Lofttegund Styrkleiki
 - CO₂ 3.000 ppm
 - NH₃ **20 ppm**
 - H₂S 0,5 ppm



Viðauki II, Fóðrun og mælikvarðar á vanfóðrun

- Við mat á fóðrun fjár skal nota 5 stiga kvarða með helmingaskiptingu ef þurfa þykir.
- Miða skal við að holdastig fjár með eðlileg hold sé á bilinu 2 – 4.